Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer: 7. fundur stjórnar FRÍ 2026-2028
Fundartími: 24. ágúst kl. 16.00–17.30
Staðsetning: Fundað á google-meet
Fundarstjórn: Sveinn Margeirsson
Fundarritun: Rannveig Oddsdóttir
Fundarmæting: Aðalstjórn: Sveinn Margeirsson (SM), Katrín Jakobsdóttir (KJ), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Rannveig Oddsdóttir (RO), Trausti Stefánsson (TS)
Varastjórn: Ásgeir Sveinsson (ÁS), Áslaug Pálsdóttir (ÁP) og Jón Örn Árnason (JÖÁ) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (HÓP).
Forfölluð:
Skrifstofa: Guðmundur Karlsson (GK)
Gestir:

1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt.
- Fundargerðir: Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi: Tillögur um landsliðsval fyrir EM í götuhlaupum og HM 20 ára og yngri samþykkt.

2. Þjóðaleikvangur

SM og KJ áttu góðan fund með borgarstjóra fyrir stuttu. Þar kom fram að það sé vinna í gangi varðandi skipulagsmál í Laugardal og þar er gert ráð fyrir þjóðarleikvangi í frjálsum. Fengist hefur staðfest að tekið hafi verið frá fjármagn til að klára þá undirbúningsvinnu og rykið dustað af viljayfirlýsingu ríkis, borgar og íþróttahreyfingarinnar. Fundur með mennta- og barnamálaráðherra er áætlaður í vikunni.

3. Evrópumeistaramót og umfjöllun um frjálsar, önnur alþjóðleg verkefni

Okkar keppendur náðu góðum árangri á Evrópumeistaramótinu. Við áttum átta keppendur og þrír þeirra komust í úrslit auk hlauparanna sem kepptu í greinum þar sem eru bein úrslit. Þetta verður að teljast okkar besti árangur á Evrópumeistaramóti utanhúss í langan tíma. Útsendingin frá RÚV var góð en aðrir fjölmiðlar hefðu mátt sinna þessu meira. GK sendi póst á valda fjölmiðla eftir mótið og benti á hvað má betur gera í sambandi við fréttaflutning af frjálsum. Hefur fengið góð viðbrögð frá þeim og þeir hafa líka tekið sig aðeins á og birt fréttir af frjálsum.

Rætt um póst sem stjórn barst frá Mastersráði. Það er opið fyrir umsóknir um Evrópumeistaramót í eldri aldursflokkum 2029-2031, EM masters inna- og utanhúss, EM masters í maraþoni, EM utanvallar og EM masters í fjallahlaupum. Þjóðarleikvangurinn verður tæplega tilbúinn í tíma til að við getum sótt um utanhússmótið að þessu sinni. En við höfum aðstöðu til að halda innanhússmót og hlaupin og rétt að hugsa það hvort við viljum sækja um eitthvað af því. Umsóknarfrestur er til 30. nóvember.

4. Afrekaskrá í frjálsum

Stjórn barst póstur frá langhlaupanefnd þar sem spurt er út í innleiðingu á nýrri afrekaskrá og utanumhald um afrek í götuhlaupum þar inni. Annars vegar var spurt um kostnað og fyrirkomulag innleiðingar á kerfinu og hins vegar bent á vankanta á framsetningu gagna. Það hefur gengið hægt að koma nýrri afrekaskrá upp og hlauparar eru orðnir óþreyjufullir að fá afrekaskrá sem virkar. Enn vantar nokkuð upp á að eldri gögn séu komin yfir og það hefur ekki gengið sem skyldi að koma úrslitum úr nýjum hlaupum inn. Þá eru einungis byssutímar sýnilegir en ekki flögtímar sem má miða við sem

besta árangur hlaupara. GK og SM hafa skoðað málið og munu svara langhlaupanefnd og kanna hvort það sé þörf á frekara samtali langhlaupanefndar og stjórnar um hlaupamálin. Það eru vandamál í kerfinu (Tilastopaja) sem hafa gert það að verkum að úrslit hafa ekki farið inn í sumar og það þarf að smíða viðbætur í kerfið svo það virki eins og það þarf að gera, s.s. hvað það varðar að flögutímar verði sýnilegir og það sé hægt að fletta upp árangri og metum í aldursflokkum. Boltinn er hjá Tilastopaja og þau hafa gefið þau svör að það muni rætast úr á næstu dögum. Úrslit úr vottuðum hlaupum í sumar eru komin inn í kerfið og munu birtast þegar Tilastopaja hefur unnið sína vinnu.

Rætt um hnökra sem komið hafa upp varðandi framkvæmd vottaðra hlaupa í sumar. Stjórn og skrifstofa hafa fengið ábendingar frá hlaupurum og hlaupahöldunum. Farið hefur verið yfir þær ábendingar og reynt að koma málum í betra horf.

5. Fréttir af starfi FRÍ

FRÍ fékk styrk frá Olympic Solidarity til að styðja hreyfinguna í að endurnýja fræðslukerfin okkar. Áherslan verður m.a. lögð á fræðslu þjálfara og dómara. Í tengslum við þetta verkefni kemur Oliver Sher frá World Athletics í heimsókn til okkar í næstu viku. Hann hefur yfirumsjón með verkefninu og leiðbeinir okkur í gegnum ferlið. Sett hefur verið upp dagskrá og haft samband við fólk innan hreyfingarinnar sem mun taka þátt í vinnunni. Æskilegt er að stjórnarmenn komi líka inn á fundina hafi þeir tök á.

6. Dagskrá og áherslur stjórnarstarfs 2026–2027

Rætt um það hvaða mál stjórn vill leggja áherslu á næstu misseri. Nokkru hugmyndum kastað fram og þær ræddar lauslega.

KJ nefndi hugmynd sem foreldri stakk að henni á MÍ í sumar sem er að endurvekja framhaldsskólamót í frjálsum. Slíkt mót gæti verið góð kynning á íþróttinni og líka góður liður í forvarnarstarfi meðal unglinga og ungs fólks.

JÖÁ veltir því upp hvort það væri ekki æskilegt að hittast. Ná einum fundi á stað, stjórn og starfsmenn á skrifstofu til að stilla saman strengi. Vel tekið í þá hugmynd og ákveðið að hafa næsta fund í Reykjavík og ná þá saman stjórn og starfsmönnum FRÍ.

7. Önnur mál

GK fór aðeins yfir fjármál. Kostnaður við sum mót hefur farið aðeins framúr áætlun. Við þurfum að hafa vakandi auga fyrir því hvort við getum aukið tekjurnar. Nýta t.d. það góða gengi sem frjálsíþróttamenn hafa náð undanfarið til að sækja styrki.

Næsti fundur ákveðinn 1. október kl. 16 á skrifstofu FRÍ.